

232. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. **11. desember 2013, kl. 9:00. Austurvegi 56.**

Mætt: Gunnar Egilsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Aðalsteinn Sveinsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

1. Sameining SOS og SORPU.

Framkvæmdastjóri gerðigreina fyrir vinnu vinnuhóps um sameiningu SOS og SORPU. Stefnt er því að tillögur til stjórna verði tilbúnar í lok janúar 2014.

Fulltrúum SOS í vinnuhópnum falið að ljúka viðræðum um möguleika á nýtingu Nessands, við Sveitarfélagið Ölfus.

Framkvæmdastjóra falið að senda Landgræðslu ríkisins erindi þar sem óskað er eftir kaupum á landi úr jörðinni Nesi.

2. Framlenging á samningi SOS og SORPU.

Lögð fram drög að framlengingu, framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningnum.

3. Aðalfundur SOS 24. október 2013.

Fundargerð lögð fram.

4. Lokunaráætlun KFHL.

Stjórn samþykkir að ganga til samninga við Verkfræðistofnuna Eflu um að vinna lokunaráætlun KFHL til Umhverfisstofnunar.

5. Frágangsmál.

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi við SASS um yfirtöku verkefna.

6. Troðari.

Sorptroðari hefur verið seldur til Króatíu fyrir 14 milljónir.

7. Orkugerðin.

Stjórn samþykkir tillögu Orkugarðarinnar um að Guðmundur Tryggvi sitji í stjórn Orkugarðarinnar fram að aðalfundi 2014.

8. Svæðisáætlun, samráðsvettvangur.

Nefnd mönnuð formanni og framkvæmdarstjóra allra sorpsamlaga sem standa að sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Stjórn samþykkir að Aldís Hafsteinsdóttir taki sæti í stað framkvæmdarstjóra.

9. Verkefnisstjórn sambands íslenskra sveitarfélaga.

Framkvæmdastjóra falið að tilkynna Sambandinu um breyttar aðstæður hjá Sorpstöð Suðurlands þar sem framkvæmdastjóri sem setið hefur í verkefnisstjórninni lætur af störfum.

10. Önnur mál.

Stjórn þakkar Guðmundi Tryggva vel unnin störf í þágu sveitarfélaga á Suðurlandi og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.
Framkvæmdastjóri þakkar stjórn samstarfið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:45